

Mál nr. 175/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. maí 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 8. september 2023, varð M fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X hinn 6. september það ár. Lögregla kom á vettvang og kemur fram í skýrslu hennar að starfsmenn X hafi verið að vinna við uppsetningu á einhvers konar hillulofti. Er haft eftir M og samstarfsmönnum hans að hann hafi verið einn að vinna við stálbita og skera hann með slípirokk utandýra. Kemur þá fram að engin hlífðarskífa hafi verið á slípirokknum né hafi hún verið sjáanleg í næsta nágranni. Lýsti M atvikum svo að skífan í slípirokknum hefði „splúndrast“ þegar hann var að vinna með hann. X sendi Vinnueftirlitinu tilkynningu um slys M hinn 13. september 2023 og er atvikum lýst svo að M hafi verið að skera járnbita með slípirokk. Hann hafi verið að skipta um skurðarskífu í rokknum og verið að byrja að skera aftur þegar slysið var. Skífan hafi brotnað og skotist í hönd M við úlnlið og við það myndast skurður. Af læknisfræðilegum gögnum má ráða að M hafi orðið óvinnufær vegna slyssins og að samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð sérfræðings í bæklunar- og handaskurðlækningum sé varanleg læknisfræðileg örorka hans metin 20%.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að skera plötu sem var á stálsúlu með slípirokk þar sem platan hafi verið of stór. Umrætt verk hafi ekki verið venjubundið heldur hafi M verið að „redda málum“ vegna stærðar plötunnar. Hafi verkið verið unnið að beiðni yfirmanns og M notað þann búnað sem tiltækur var á vinnustaðnum. Slípirokkurinn hafi hins vegar ekki hentað vel til verksins, sér í lagi þar sem enginn hlífðarbúnaður var á honum. Við skurð á plötunni hafi skurðskífa slípiroksins brotnað og skotist í hönd M. M telur að slys hans megi rekja til vanbúnaðar á slípirokknum sem X beri ábyrgð á. Einfaldur búnaður, þ.e. öryggishlíf, hefði komið í veg fyrir slys hans. Slíkur búnaður hafi ekki verið fyrir hendi þegar M fékk slípirokkinn til afnota og hafi honum ekki staðið til boða önnur töl til að framkvæma umrætt verk. Verði að telja að X hafi, með því að láta M í té vanbúið tæki, brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem kveði á um skyldu atvinnurekenda til að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað og skyldu þeirra til að tryggja að vélar séu þannig úr garði gerðar að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Vísar M einnig til 5. gr. reglugerðar nr. 386/2006 um notkun tækja framangreindu til stuðnings, svo og gr. 2.8 í I. viðauka við reglugerðina en þar komi fram að þegar hætta sé á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys geti hlotist af skuli hafðar á þeim hlífar. Sé skaðabótaskylda því fyrir hendi. Mótmælir M því þá sérstaklega að hann hafi undirritað áhættumat vegna þessa verkþáttar tveimur dögum fyrir slys sitt. Hið rétta sé að hann hafi verið kallaður á fund eftir slysið í þeim tilgangi að undirrita áhættumat. Fáí sú staðhæfing jafnframt stoð í fyrirmælum Vinnueftirlitsins eftir slysið en þar sé óskað eftir því að X sendi Vinnueftirlitinu uppfært áhættumat. Hefði umrætt áhættumat legið fyrir er slys M atvikaðist hefðu umrædd fyrirmæli ekki verið gefin. Þá verði að teljast ótrúverðugt að áhættumat sem taki til nákvæmlega þessa verks, sem ekki hafi verið venjubundið, hafi verið unnið tveimur dögum fyrir slys M.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að M hafi verið að vinna við uppsetningu hillna og fengið slípirokk lánaðan hjá samstarfsfélaga sínum. M hafi skipt um blað í slípirokknum en ekki fest hlíf á hann áður en hann notaði hann til að skera stál. Við skurðinn hafi blaðið brotnað og skotist í framhandlegg M. Öllum starfsmönnum M sé kynnt áhættumat vegna starfa sinna og komi þar skýrt fram að þeir eigi að nota persónuhlífar við störf sín. M hafi einnig, tveimur dögum fyrir slysið, undirritað áhættumat vegna þess verks sem hann var að vinna er slysið varð. Í áhættumatinu sé einnig lögð áhersla á að fara varlega og nota hlífar á tækjum. Fullyrðingar um að M hafi ekki undirritað áhættumatið fyrr en eftir slysið séu fráleitar og ekki studdar neinu gögnum. Þá sé M menntaður bifvélavirki með langa starfsreynslu. Er slysið varð hafi hann unnið í sex mánuði hjá X, oft unnið með slípirokk og eigi að gera sér grein fyrir

þeirri hættu sem sé samfara því að nota slíkt tæki án hlífar. Hann hafi þrátt fyrir það ákveðið að nota slípirokkin án hlífar og hafi það leitt til slyss hans. Hafi M talið öryggi sínu ógnað hafi honum borið skylda til að láta næstráðanda vita og krefjast úrbóta, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980. Í 27. gr. sömu laga komi þá fram að ef fjarlægja þurfi öryggishlífar vegna viðgerðar eða annars slíks skuli sá sem framkvæmir verkið umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar samsvarandi ráðstafanir að því loknu. Hafi M því, eftir að hann skipti um blað í slípirokknunum, borið að setja hlíf á hann aftur. Eigi það jafnvel við þó engin hlíf hafi verið á tækinu er hann fékk það frá samstarfsmanni sínum. Af framangreindu sé ljóst að líkamstjón M verði ekki rakið til vanbúnaðar, saknæmra mistaka annarra starfsmanna, eða annarra atvika sem X verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Ekki er í sjálfu sér ágreiningur um aðdragandann að líkamstjóni M, þ.e. að hann hafi verið að vinna með slípirokk án öryggishlífar þegar skífa brotnaði og lenti í handlegg hans.

Meðal gagna fyrir nefndinni er áhættumat X vegna verkefnisins „hilluuppsetning“. Er það dagsett 4. september 2023 og ber það með sér að hafa verið undirritað af M. Þar kemur m.a. fram að hætta sé samfara því að fjarlægja vélarhlífar. M heldur því fram að hann hafi ekki séð eða undirritað umrætt áhættumat fyrr en eftir að slysið átti sér stað. Sú staðhæfing er hvorki studd gögnum eða vitnaframburði og verður því ekki á henni byggt.

Þegar litið er til fyrirliggjandi skýrslu Vinnueftirlitsins um takmarkaða skoðun vegna vinnuslyss, sem samkvæmt forsiðu sinni er sögð hafa farið fram dags. 6. september 2023 (dags. skoðunar 6.9.2023), eða á slysdegi, verður ekki fullyrt af henni að umrætt áhættumat hafi verið tekið til sérstakrar skoðunar. Í skýrslunni segir þannig m.a. „áhættumat liggur fyrir en ekki liggur fyrir hvort það er fullnægjandi.“ Umfjöllun og fyrirmæli í skýrslu Vinnueftirlitsins virðast annars nokkuð almenns eðlis og verður ekki fullyrt af henni hvaða skoðun eða rannsókn hafi farið fram af þess hálfu. Í ljósi framangreinds er ekki unnt að fullyrða um og byggja á því að fullnægjandi áhættumat hafi ekki verið til staðar og að það hafi orsakað slys M en eins og áður segir hvílir sönnunarbyrði þeirra þátta á M sem tjónþola.

Nokkuð óljóst er hvort M hafi fengið umræddan slípirokk til afnota frá yfirmanni eða samstarfsmanni og eins hvort M hafi sjálfur fjarlægt öryggishlífinu er hann skipti um skurðarskífu. Hvað sem því líður verður við mat á sök og orsakasamhengi að líta til þess að M er menntaður vélsmiður og virðist hafa m.a. töluverða reynslu af störfum við bifreiðaviðgerðir. Þá var hann 36 ára á slysdegi og þrátt fyrir að hann hafi aðeins starfað hjá X í hálft ár hefur því ekki verið mótmælt að hann hafi reynslu að vinnu með slípirokka og sams konar verkefnum og hann var að inna af hendi er slysið átti sér stað. Verður því að telja að hann hafi, einnig með vísan til ofangreindrar umfjöllunar um áhættumat vegna verksins, mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu sem gæti verið fólgin í því að vinna með slípirokk án öryggishlífar.

Er það því samkvæmt öllu framangreindu niðurstaða nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Verður M að bera hallann af því og er þar af leiðandi óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Margrét Arnheiður Jónsdóttir